

L Ö G**um sérstakt lögsagnarumdæmi í Austur-Skaftafellssýslu.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Austur-Skaftafellssýsla skal vera sérstakt lögsagnarumdæmi.

2. gr.

Lögreglustjóri Hafnarhrepps verður sýslumaður Austur-Skaftafellssýslu.

Hann hefur á hendi sömu störf og öðrum sýslumönnum eru falin í umdæmum sínum og með þeim kjörum, sem þeim eru ákveðin. Jafnframt breytist embættisheiti sýslumannsins í Skaftafellssýslu í samræmi við hina breyttu skipan lögsagnarumdæma.

3. gr.

Dómsmálaráðherra skipar fyrir um, hvernig málum þeim við núverandi embætti sýslumannsins í Skaftafellssýslu, sem varða hagsmuni Austur-Skaftafellssýslu og ekki eru útkljáð, þegar lög þessi öðlast gildi, skuli skipt milli sýslumannsembættanna.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1977. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 15 13. apríl 1973, um lögreglustjóra í Hafnarhreppi.

Gjört í Reykjavík 25. maí 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.**L Ö G****um námslán og námsstyrki.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI**Lánasjóður íslenskra námsmanna, hlutverk hans og stjórn.****1. gr.**

Meginhlutverk Lánasjóðs íslenskra námsmanna er að veita íslenskum námsmönnum, sem hafa þá námsgráðu eða hafa að baki jafnlangt nám sem á hverjum tíma er krafist til háskólanáms hérlendis, fjárhagsaðstoð til framhaldsnáms. Enginn getur orðið námsaðstoðar aðnjótandi nema framhaldsnám sé þegar hafið.